

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F132/2023

Reykjavík, 2. mars 2023

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Vísað er til fjölmíðlaumfjöllunar síðustu missera um sölu yðar, fyrir hönd íslenska ríkisins, á 22,5% hlut í Íslandsbanka hf. 22. mars 2022, en þar hefur m.a. komið fram að einkahlutafélag í eigu föður yðar, Hafsilfur ehf., hafi verið á meðal kaupenda.

Fyrir liggur að fljótlega eftir söluna, eða 7. apríl 2022, mun ráðuneyti yðar hafa óskað eftir því við Ríkisendurskoðun að hún gerði stjórnsýsluúttekt á því hvort sala hlutarins í Íslandsbanka hf. hefði samrýmst lögum og góðum stjórnsýsluháttum. Í inngangi að skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna málsins frá nóvember þess árs kemur fram að ríkisendurskoðandi hafi degi síðar ákveðið að hefja úttekt á framkvæmd sölunnar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Þá segir í skýrslunni að með úttektinni hafi verið leitast við að leggja mat á framkvæmdina og svara eftirfarandi spurningum:

- 1) Hvernig samræmdist framkvæmd sölu á 22,5% hlut ríkisins í Íslandsbanka 22. mars 2022 ákvæðum laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálfyrirtækjum og laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins?
- 2) Var framkvæmd sölunnar í samræmi við tillögu og minnisblað Bankasýslu ríkisins um sölumeðferð á eftirstæðum eignarhlut í Íslandsbanka og greinargerð fjármála- og efnahagsráðherra vegna framhalds á sölu á hlutum ríkisins í bankanum?
- 3) Hvernig voru endanlegt söluverð og stærð eignarhlutarins sem var seldur ákveðin?
- 4) Hvernig var staðið að úthlutun hlutabréfa til fjárfesta í söluferlinu?

Einnig liggur fyrir að með bréfi 13. nóvember 2022 sendi forseti Alþingis stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins skýrslu

Ríkisendurskoðunar til umfjöllunar í samræmi við 2. gr. reglna um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/1991, um þingskóp Alþingis. Lauk nefndin umfjöllun sinni 27. febrúar sl. þar sem minni hluti hennar skilaði séráliti.

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt nánari ákvæðum laga nr. nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Skal umboðsmaður gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, vandaða stjórnsýsluhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, eins og þeim hefur síðar verið breytt. Meðal þeirra úrræða sem umboðsmanni eru veitt í þessu skyni er heimild til að taka mál til meðferðar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laganna.

Samkvæmt a-lið 4. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997 tekur starfssvið umboðsmanns ekki til starfa Alþingis og stofnana þess en meðal þeirra er ríkisendurskoðandi. Að því marki sem ríkisendurskoðandi hefur rannsakað fyrrgreint mál og tekið rökstudda afstöðu til þess hvort athafnir yðar þar að lútandi hafi samræmst lögum og vönduðum stjórnsýsluháttum fellur það þar af leiðandi utan starfssviðs umboðsmanns að fjalla um niðurstöður hans í málinu. Hið sama myndi jafnframt eiga við um niðurstöðu nefndar sem Alþingi ákveddi sjálft, á grundvelli 39. gr. stjórnarskrár eða laga nr. 68/2011, um rannsóknarnefndir, að fela rannsókn málinsins eða ákveðinna þátta þess. Þá athugast að umboðsmaður hefur almennt ekki fjallað um mál samtímis því sem þau eru til meðferðar hjá Alþingi á grundvelli eftirlitshlutverks þess með stjórnsýslunni. Af þessum ástæðum hefur umboðsmaður haldið að sér höndum vegna málinsins.

Svo sem áður greinir liggja niðurstöður Ríkisendurskoðunar nú fyrir svo og álit stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þar að lútandi. Í því sambandi athugast að ég fæ ekki ráðið að í skýrslu Ríkisendurskoðunar hafi verið fjallað sérstaklega um sölu á hlutum í Íslandsbanka hf. til Hafsilfurs ehf. eða álitamál um hæfi yðar í því sambandi. Í þessu ljósi get ég heldur ekki séð að með umfjöllun sinni um skýrsluna hafi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis tekið rökstudda afstöðu til slíkra atriða.

Í framkvæmd umboðsmanns hefur ítrekað verið vísað til mikilvægis þess að traust ríki um málefni stjórnsýslunnar, ekki síst þegar um er að ræða ráðstöfun stjórnvalda á eignum eða öðrum takmörkuðum gæðum. Í því sambandi hefur verið lögð á það áhersla að hinum sérstöku hafisreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sé ekki eingöngu ætlað að koma í veg fyrir að ómálefna leg sjónarmið hafi áhrif á efni stjórnvaldsákvarðana, heldur sé þeim einnig ætlað að stuðla að því að almennингur og þeir sem hlut eiga að málí geti treyst því að stjórnvöld leysi úr málum á hlutlægan hátt (Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3285). Samkvæmt öllu framangreindu, og með vísan til 5. og 7. gr. laga nr.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

85/1997, er óskað upplýsinga og skýringa yðar á eftirfarandi atriðum áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um framhald málsins:

1. Þess er óskað að þér upplýsið og skýrið hvort, og þá með hvaða hætti, fullnægt var reglum stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi að því er snerti söluna á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. til Hafsilfurs ehf., sbr. einkum 5. tölulið 1. mgr. 3. gr. laganna, eins og þeim var breytt með 1. gr. laga nr. 49/2002. Í því sambandi er bent á að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna gilda ákvæði II. kafla þeirra, um sérstakt hæfi, einnig um gerð samninga einkaréttar eðlis.
2. Óskað er upplýsinga um hvort, og þá með hvaða hætti, undirbúningi sölumeðferðar umrædds hlutar ríkisins í Íslandsbanka hf. hafi verið hagað þannig að tryggt væri að gætt yrði reglna II. kafla stjórnsýslulaga, um sérstakt hæfi, þegar kæmi að ákvörðunum ráðherra um hvort tilboð skyldu samþykkt eða þeim hafnað og hann undirritaði að svo búnu samninga fyrir hönd ríkisins um sölu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 155/2012, um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Er þá m.a. haft í huga að í fjöldum hefur komið fram að yður hafi verið ókunnugt um að Hafsilfur ehf. hafi verið meðal kaupenda.
3. Óskað er rökstuddrar afstöðu yðar til þess hvort, og þá að hvaða marki, þér hafið sem ráðherra borið lagalega og stjórnskipulega ábyrgð á því að téð söluferli færi fram í samræmi við lög, þ. á m. ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi. Er þá bæði litið til verkefna ráðherra samkvæmt fyrrnefndum lögum nr. 155/2012, en einnig eftirlitshlutverks hans með Bankasýslu ríkisins, eins og það sýnist leiða af samnefndum lögum nr. 88/2009, IV. kafla laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, og 14. gr. stjórnarskrárinna.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni eigi síðar en 24. mars nk.

Virðingarfyllist,

Skúli Magnússon

